

Reykjavík, 11. 09. 2018

**Viðtakandi:** Ómar Einarsson, sviðsstjóri ÍTR

**Sendandi:** Nefnd SFS og ÍBR um frístundaakstur

---

***Efni: Ósk um aukð fjármagn til frístundaaksturs til að standa straum af kostnaði við fylgd í vögnunum***

Þann 26. september 2017 sendu fulltrúar Ármanns, Þrótti, Fylkis og Vals okkur bréf þar sem þeir óska eftir því að skýrari lína verð sett varðandi gæslu (starfsmann) í frístundavögnunum. Íþróttafélögin hafi ekki mannskap í að sinna þessum hluta né fjármagn fyrir kostnaði. Í bréfinu kemur fram að oft séu í kringum 60 börn í vögnunum á sama tíma og getur myndast mikill æsingur þegar ferðin tekur 30 mínútur eða meira. Það sé því ekki boðlegt að hafa þjónustuna eftirlitslausa. Ef eitthvað kemur upp á sé lítið sem einn bílstjóri getur gert.

Við kölluðum til fundar um frístundaaksturinn 15. desember 2017 íþróttafulltrúa hverfisíþróttafélaganna og fulltrúa frístundaheimilanna í Reykjavík. Þar kom einnig skýrt fram að mikilvægt sé að fá starfsmenn í vagnana. Einnig að það myndi ganga betur að fá rútufyrirtækin til að taka að sér aksturinn ef starfsmaður fylgdi börnunum. Þar kom fram að mörg börn kviðu því að fara í vagnana og að þar myndist kjöraðstæður fyrir einelti og stríðni. Starfsmenn í vögnunum myndu bæta aðstæður og öryggi barnanna til muna.

Áætlað er að um 2.500 börn nýti sér akstur hverfisíþróttafélaganna á viku. Samkvæmt viðhorfskönnun foreldra barna á frístundaheimilum árið 2017 eru 63% þeirra að nýta akstur félaganna og af þeim eru 26% ánægð með aksturinn en 37% óánægð, það ber þó að hafa í huga að ánægjan er gífurlega mismunandi milli hverfa, en í einhverju tilfelli eru 84% af þeim sem nýta þjónustuna ánægðir á meðan annars staðar er aðeins 5% ánægja með aksturinn. Það er því ljóst að gríðarleg sóknarfæri eru í að bæta umgjörðina í kringum frístundaaksturinn.

Í minnisblaði sem frístundaaksturinn hefur byggt á frá 11. febrúar 2010 kemur fram að ef 12 börn eða fleiri eru að fara á æfingu á sama stað á sama tíma frá frístundaheimili, geti starfsmaður frá frístundaheimilinu mögulega farið með þeim, hvort heldur sem er gangandi eða í strætó/rútu. Síðan þá hefur fjölda barna á starfsmann á frístundaheimilum verið fjölgað í 13 börn fyrir börn í 1. bekk og 16 börn í 2.-4. bekk. Af þessum sökum og sökum manneklu undanfarinna ára á frístundaheimilum geta starfsmenn frístundaheimilanna sjaldnast farið frá starfsstaðnum til að fylgja börnum á æfingar. Auk þess hefur alltaf verið erfitt er fyrir lítil frístundaheimili að missa út starfsfólk í fylgdina. Félögin hafa í þeim tilfellum er frístundaheimilin hafa ekki getað staðið undir þessu reynt sitt besta að útvega fólk í fylgdina. Reynt hefur verið að nýta eldri borgara, unglinga og velunnara félaganna en ljóst er að standa þarf betur að ráðningum á þessu starfsfólki, gagnvart hlutum eins og lágmarksaldri, hreinu sakavottorði og yfirlýsingu um trúnaði.

Gjaldið sem foreldrar greiða fyrir frístundaaksturinn er mismunandi milli félaga allt frá því að vera gjaldfrjálst upp í 17.000 kr. á ári. Í einhverjum tilfellum greiða félögin með akstrinum. Unnið er að því að samræma gjaldið svo að foreldrar greiði sem nemur því sem kostar í Strætó bs. Árgjald fyrir þennan aldurshóp kostar 8.600 kr. Einnig eru uppi áform um að auka samstarfið við Strætó í samræmi við nýja

Stefnu um frístundabjónustu í Reykjavík til 2025. Þar er gert ráð fyrir að börn á frístundaheimilum verði markvisst þjálfuð í að nota strætó í tengslum við frístundastarf og skoðaðir möguleikar á að börn í 1. og 2. bekk geti notað árskort frá Strætó í frístundaakstur á vegum hverfafélaganna. Félögin fengju tekjurnar af þessu og Strætó fengi inn framtíðarnotendur. Í innleiðingarátætlun stefnunnar kemur að auki fram tillaga að framkvæmd á þessu um að hverfisfélögin fái aukinn stuðning til að geta boðið upp á fylgd með vögnunum til að auka öryggi og efla þessa þjálfun hjá börnunum eins og óskað er eftir með þessu minnisblaði. Verðmiðinn sem var settur á þetta í innleiðingarátætluninni voru 10 millj. á önn.